

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**25. fundur haldinn mánudaginn 13. desember 2004  
kl. 14:00 í fundarherbergi á fjórðu hæð Biskupsstofu.**

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson. Valtýr Valtýsson hafði boðað forföll. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð í fjarveru Margrétar Hallgrímsdóttur. Gestur fundar var Kristján Valur Ingólfsson.

## 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 14:10 og var fundargerð síðasta fundar samþykkt.

## 2. Drög að reglum um útfararsiði

Kristján Valur Ingólfsson kynnti greinargerð sem hann hefur samið að beiðni KGSÍ og sent til umsagnar biskups Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Um er að ræða setningu siðareglna fyrir útfaraþjónustur og stofnun og hlutverk siðanefndar sem fjalla myndi um málefni útfararstofa. Hann rifjaði upp gildandi lög og reglur og núverandi kringumstæður. Í ljós kom að ekki er til íslensk þýðing á siðareglum sem gilda fyrir útfararstofur í Evrópu þrátt fyrir að vísað sé til þeirra í reglugerð um útfaraþjónustu (233(1995)) og að leyfi séu veitt héraendis með hliðsjón af evrópsku siðareglunum.

Hann leggur því áherslu á að stofnuð verði landssamtök útfararstofa á Íslandi og að þau leiti eftir aðild að fyrrnefndum heildarsamtökum evrópskra útfararstofa (FIAT/IFTA).

Allar norðurlandþjóðirnar nema Ísland eru aðilar að þessum samtökum. Rætt var um að kynningin á evrópsku siðareglunum væri ófullnægjandi héraendis. Nefnt var að aðrir aðilar en starfsfólk útfaraþjónustu þyrftu að hlíta siðareglunum, svo sem sjúkraflutningamenn, lögregla, lækna og hjúkrunarfólk, prestar, starfsfólk kirkjugarða og fjölmiðlafólk. Þá þyrfti að skoða hvaða öðrum störfum fólk sem sinnir útfaraþjónustu megi sinna.

Greinargerð Kristjáns Vals hefur verið send dóms- og kirkjumálaráðuneyti og er áætlað að viðbrögð ráðuneytisins berist í janúar 2005.

## 3. Breytingar Alþingis á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Breytingin á lögum var samþykkt 9. des. og taka lög gildi 1. janúar 2005. Þórsteinn Ragnarsson óskaði eftir að bókfært yrði að kirkjugarðasambandið hefur staðið að vinnu og undirbúningi frumvarpsins, en aðilar að málinu eru nú Kirkjugarðaráð og ríkið.

Tillaga Þórsteins er sú að að Kirkjugarðaráð feli Kirkjugarðasambandi Íslands (KGSÍ) að kynna breytingu laganna og þ.m.t. gjaldamódelið fyrir kirkjugarðastjórnnum.

Guðmundur Rafn tók undir tillögu Þórsteins þar sem kirkjugarðasambandið hefur umfram aðra unnið að málinu og því væri eðlilegt að það fengi að ljúka því að fullu. Kirkjugarðasambandið hefur ekki umboð til að kynna lögina nema Kirkjugarðaráð óski eftir að KGSÍ verði falið að kynna þau.

Kirkjugarðaráðið hefur í hyggju að semja almennt kynningarbréf til kirkjugarðastjórna og láta fylgja með sérstakt bréf þar sem viðmið yrðu útskýrð og jafnframt útskýrt hvernig gjaldalíkanið kemur út hjá hverjum kirkjugarði fyrir sig.

Formaður nefndi hvort ekki væri eðlilegra að Kirkjugarðaráð kynnti lagabreytinguna og afleiðingu hennar. Eftir nánari umræður um málið var ákveðið að Kirkjugarðaráð fæli KGSÍ að kynna kirkjugarðastjórnnum landsins breytinguna sem orðin er með lögnum. Bréf sem kirkjugarðasambandið sendi yrði yfirlit á fundi Kirkjugarðaráðs í janúar 2005.

Kristín gerði grein fyrir fundi Fornleifaverndar hjá Allsherjarnefnd vegna laganna. Allsherjarnefnd hafði óskað eftir athugasemdum Fornleifaverndar ríkisins við breytingatillöguna. Fornleifaverndin hafði engar athugasemdir við frumvarpið og fagnaði því, en vakti athygli Allsherjarnefndar á ýmiss konar misræmi í lögnum, þar sem ákvæði í þjóðminjalögum og lögum um kirkjugarða færu ekki saman. Var Fornleifavernd ríkisins kölluð á fund Allsherjarnefndar til að kynna sjónarmið sín.

Lögð var áhersla á að samskipti Fornleifaverndar og Kirkjugarðaráðs væru til fyrirmyndar, enda hefði forstöðumaður setið flesta fundi ráðsins undanfarin tvö ár og því fengið upplýsingar sem stofnuninni væru nauðsynlegar vegna framkvæmda í eða við kirkjugarða. Auk misræmis milli þjóðminja- og kirkjugarðalaga vakti Fornleifavernd ríkisins athygli á að enn væri eftir að taka heiti þjóðminjavarðar út úr 26. grein lagafrumvarpsins, þar sem fjallað er um smíði varnarstokka yfir legsteinna, og setja heiti forstöðumanns Fornleifaverndar þar inn í staðinn.

#### **4. Samningur við ríkið um endanlega útfærslu gjaldalíkans**

Formaður ætlaði að ræða við biskup varðandi tilhögun undirskriftar.

#### **5. Aukin verkefni Kirkjugarðaráðs**

Framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs ræddi um nauðsyn þess að fá aðstoðarmann, þar sem nauðsynlegt væri að fara í átaksverkefni sem fæli í sér að teikna gardana kerfisbundið upp og skrá þá nákvæmlega. Frumfarsenda þess að vinnan nýtist er að gögnin verði gerð aðgengileg í tölvutæku formi. Rætt var um hvaða kostum æskilegt væri að aðstoðarmaðurinn væri búinn. Rætt var um nauðsyn þess að auglýsa stöðu aðstoðarmanns.

#### **6. Erindi frá sóknarnefnd Saurbæjarsóknar í Hvalfirði**

Erindi frá sóknarnefnd Saurbæjarsóknar í Hvalfirði sem er í samvinnu við ferðamálayfirvöld um að vinna að verkefni sem tengist sögu staðarins. Hún óskar eftir að kynna verkefnið fyrir Kirkjugarðaráði. Samþykkt var að sóknarnefndinni verði boðið að kynna verkefnið á fundi ráðsins 14. febrúar n.k.

## 7. Önnur mál

Fundir á nýju ári verða kl. 14:00, 10. janúar, 14. febrúar og 14. mars.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín H. Siguðrardóttir, ritari